

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um hvort tekist hafi að tryggja öllum börnum í grunnskólum frístundaheimili sem sóttu um í haust.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 11. mars 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa sjálfstæðisflokks:

*Óskað er upplýsinga um hvort tekist hafi að tryggja öllum börnum í grunnskólum pláss á frístundaheimili sem sóttu um í haust.*

**Svar:**

Þann 15. mars s.l. voru 66 börn, sem sótt var um fyrir í frístundaheimili s.l. haust, á biðlista eftir dvöl á frístundaheimili og 61 barn í hlutavistun. Það er stöðugt auglýst eftir starfsfólki á frístundaheimili og helstu ástæður þess að ekki er fullráðið í öll störf eru að umsóknir eru ekki að berast, umsækjendur sem sækja um uppfylla ekki hæfiskröfur, starfsfólk sem búið sé að ráða mætir ekki eða hætti eftir nokkra daga og að lokum ófyrirséðar uppsagnir starfsfólks.